

Vátryggingafélag Íslands hf.

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. júní 2022

# Vátryggingafélag Íslands hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar - 30. júní 2022

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2-3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-13 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið"eða"VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar". Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á fyrstu sex mánuðum ársins 549 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 59.168 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 17.501 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 102,0% (6M 2021: 101,6%), tjónahlutfall var 76,0% (6M 2021: 81,8%), endurtryggingahlutfall 2,2% (6M 2021: -3,6%) og rekstrarkostnaðarhlutfall var 23,7% (6M 2021: 23,4%). Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 1,9% (6M 2021: 11,8%).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 17. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Valdimar Svavarsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Félagið gaf út afkomuspá fyrir árið 2022 þann 31. janúar og gerði spáin ráð fyrir að samsett hlutfall yrði 95-97%. Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf félagsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

## Hlutafé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.750 milljónum króna og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 969 í lok tímabilsins en voru 871 í ársbyrjun. Um 51% (1F 2022: 50%) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 18% (1F 2022: 15%) í eigu annarra lögaðila, 7% (1F 2022: 9%) í eigu fjármálafyrirtækja, 6% (1F 2022: 7%) í eigu einstaklinga, 18% (1F 2022: 11%) í eigu innlendra sjóða og 0,3% (1F 2022: 1%) í eigu erlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 3.500 milljónir eða 2 kr. á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 29.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

---

Reykjavík, 18. ágúst 2022
**Í stjórn**

Stefán Héðinn Stefánsson
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Valdimar Svavarsson

Guðný Hansdóttir

**Forstjóri**

Helgi Bjarnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022

| | Skýr. | 2F 2022 | 2F 2021 | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | | 5.909.211 | 5.649.203 | 11.605.101 | 11.169.214 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (184.953) | (186.451) | (376.397) | (354.646) |
| **Eigin iðgjöld** | 6 | 5.724.258 | 5.462.752 | 11.228.704 | 10.814.568 |
| Vaxtatekjur | 7 | 196.714 | 134.344 | 348.829 | 317.064 |
| Gengismunur gjaldmiðla | | 4.973 | (9.600) | (3.981) | (17.506) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 7 | 250.395 | 2.449.417 | 473.501 | 4.758.183 |
| **Fjárfestingatekjur** | | 452.082 | 2.574.161 | 818.349 | 5.057.741 |
| Aðrar tekjur | | 10.623 | 17.642 | 25.593 | 36.276 |
| **Heildartekjur** | | 6.186.964 | 8.054.555 | 12.072.647 | 15.908.585 |
| Tjón tímabilsins | | (4.342.157) | (4.502.380) | (8.824.524) | (9.135.687) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | | 71.162 | 590.155 | 110.820 | 754.244 |
| **Eigin tjón** | 8 | (4.270.995) | (3.912.225) | (8.713.704) | (8.381.443) |
| Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar | | 150.737 | 129.360 | 388.325 | 202.291 |
| Rekstrarkostnaður | | (1.432.033) | (1.386.973) | (2.938.474) | (2.816.406) |
| Vaxtagjöld | | (141.063) | (95.034) | (253.607) | (166.870) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | | 11.094 | (5.353) | (8.452) | (33.184) |
| **Heildargjöld** | | (5.682.261) | (5.270.225) | (11.525.913) | (11.195.612) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 504.702 | 2.784.331 | 546.733 | 4.712.974 |
| Tekjuskattur | 9 | (28.590) | (185.800) | 2.096 | (210.285) |
| **Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins** | | 476.113 | 2.598.531 | 548.830 | 4.502.689 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,27 | 1,40 | 0,31 | 2,42 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2022

| | Skýr | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 420.133 | 474.298 |
| Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir | | 1.433.175 | 1.460.707 |
| Húsaleiguréttindi | | 665.762 | 699.536 |
| Fjárfestingareignir | 10 | 41.300.562 | 44.679.379 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.277.173 | 1.774.154 |
| Viðskiptakröfur | | 8.756.003 | 6.516.721 |
| Endurtryggingaeignir | | 1.387.835 | 1.207.380 |
| Aðrar kröfur | | 974.296 | 697.599 |
| Handbært fé | | 2.953.142 | 1.552.903 |
| **Eignir samtals** | | 59.168.083 | 59.062.676 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.750.000 | 1.750.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 625.620 | 625.620 |
| Bundið eigið fé | | 8.222.037 | 9.371.188 |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.903.813 | 8.705.832 |
| Eigið fé samtals | | 17.501.470 | 20.452.640 |
| **Skuldir** | | | |
| Víkjandi skuldabréf | 12 | 3.188.311 | 3.032.821 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 77.892 | 64.728 |
| Húsaleiguskuldbinding | | 711.774 | 742.477 |
| Vátryggingaskuld | 13 | 33.662.731 | 30.286.409 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.277.173 | 1.774.154 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | | 2.748.731 | 2.709.447 |
| Skuldir samtals | | 41.666.612 | 38.610.036 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 59.168.083 | 59.062.676 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2022

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **2021** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2021 | 1.894.462 | 625.620 | 5.455.207 | 9.016.599 | 16.991.888 |
| Greiddur arður 0,85 kr. á hlut | | | | (1.596.693) | (1.596.693) |
| Keyptir eigin hlutir | (59.462) | | | (895.478) | (954.940) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 4.502.689 | 4.502.689 |
| Bundið eigið fé vegna verðbréfa | | | 4.050.867 | (4.050.867) | 0 |
| Eigið fé 30.6.2021 | 1.835.000 | 625.620 | 9.506.074 | 6.976.250 | 18.942.944 |
| **2022** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2022 | 1.750.000 | 625.620 | 9.371.188 | 8.705.832 | 20.452.640 |
| Greiddur arður 2 kr. á hlut | | | | (3.500.000) | (3.500.000) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 548.830 | 548.830 |
| Bundið eigið fé vegna verðbréfa | | | (1.149.151) | 1.149.151 | 0 |
| Eigið fé 30.6.2022 | 1.750.000 | 625.620 | 8.222.037 | 6.903.813 | 17.501.470 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022

| | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 548.830 | 4.502.689 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (91.241) | (132.688) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | (473.501) | (4.758.183) |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | (577) | (1.864) |
| Afskriftir | 293.972 | 353.766 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Fjárfestingareignir, breyting | 3.711.576 | 1.695.427 |
| Viðskiptakröfur, breyting | (2.338.865) | (2.401.715) |
| Endurtryggingaeignir, breyting | (180.456) | (484.585) |
| Aðrar eignir, breyting | (276.697) | 22.483 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 13.164 | 174.817 |
| Vátryggingaskuld, breyting | 3.376.322 | 3.566.411 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting | 138.866 | 174.930 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 4.721.393 | 2.711.491 |
| Innborgaðar fjármunatekjur | 489.571 | 436.835 |
| Greidd fjármagnsgjöld | (107.860) | (95.878) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 5.103.104 | 3.052.449 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (25.591) | (13.613) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 7.132 | 16.658 |
| Keyptar óefnislegar eignir | (122.468) | (294.866) |
| | (140.925) | (291.820) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Keyptir eigin hlutir | 0 | (954.940) |
| Greiddur arður | (3.500.000) | (1.596.693) |
| Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar | (67.701) | (61.671) |
| | (3.567.701) | (2.613.304) |
| Hækkun handbærs fjár | 1.394.477 | 147.323 |
| Handbært fé í upphafi árs | 1.552.903 | 1.575.825 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | 5.768 | (2.884) |
| Handbært fé í lok tímabilsins | 2.953.142 | 1.720.264 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.
Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2021.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands www.nasdaqomxnordic.com
Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 18. ágúst 2022.

### Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsstaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2022.
Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagerningar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

IFRS 17 mun leiða til verulegra breytinga á uppsetningu á yfirliti um heildarafkomu og hvernig tekjur og gjöld af vátryggingasamningum birtast í rekstrarreikningi, þó svo að áhrif á heildarafkomu verði óveruleg. Framsetning og innihald efnahags breytist þannig að viðskiptakröfur vegna vátryggingasamninga og iðgjaldaskuld munu að miklu leyti renna saman sem einn liður undir skuldum. Áhrif af innleiðingu staðalsins á fjárhag og gjaldþol félagsins eru talin óveruleg, þrátt fyrir verulega breytingu á framsetningu á bæði rekstrar- og efnahagsreikningi.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir; sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld; sjá skýringu nr. 13

# Skýringar

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 10.788.376 | 816.726 | 0 | 11.605.101 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (241.039) | (135.358) | 0 | (376.397) |
| Fjárfestingartekjur | 184.042 | 16.586 | 617.721 | 818.349 |
| Aðrar tekjur | 25.593 | 0 | 0 | 25.593 |
| Heildartekjur | 10.756.972 | 697.953 | 617.721 | 12.072.647 |
| Tjón tímabilsins | (8.450.400) | (374.124) | 0 | (8.824.524) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 8.537 | 102.283 | 0 | 110.820 |
| Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar | 0 | 0 | 388.325 | 388.325 |
| Rekstrarkostnaður | (2.580.121) | (163.387) | (194.966) | (2.938.474) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (253.607) | (253.607) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (8.452) | (8.452) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | (265.012) | 262.724 | 549.020 | 546.733 |
| Tekjuskattur | | | | 2.096 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 548.830 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 222 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 148 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 7 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2021 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 10.394.855 | 774.359 | 0 | 11.169.214 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (211.320) | (143.326) | 0 | (354.646) |
| Fjárfestingartekjur | 50.666 | 9.670 | 4.997.405 | 5.057.741 |
| Aðrar tekjur | 36.276 | 0 | 0 | 36.276 |
| Heildartekjur | 10.270.477 | 640.704 | 4.997.405 | 15.908.585 |
| Tjón tímabilsins | (8.825.180) | (310.507) | 0 | (9.135.687) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 650.903 | 103.341 | 0 | 754.244 |
| Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar | 0 | 0 | 202.291 | 202.291 |
| Rekstrarkostnaður | (2.428.184) | (180.580) | (207.643) | (2.816.406) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (166.870) | (166.870) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (33.184) | (33.184) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | (331.984) | 252.958 | 4.791.999 | 4.712.974 |
| Tekjuskattur | | | | (210.285) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 4.502.689 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 257 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 308 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 17 milljónir króna.

## 6. Eigin iðgjöld

| | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 14.611.022 | 14.311.534 |
| Hluti endurtryggjenda | (621.442) | (607.681) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (3.005.920) | (3.142.320) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld | 245.045 | 253.035 |
| Eigin iðgjöld | 11.228.704 | 10.814.568 |

## 7. Fjárfestingatekjur

| | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 18.750 | (299) |
| Aðrar vaxtatekjur | 329.962 | 317.362 |
| Fjármunatekjur | 348.829 | 317.064 |
| | | |
| Gangvirðisbreytingar hlutabréfa | 558.109 | 3.664.327 |
| Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna | (84.608) | 1.093.856 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 473.501 | 4.758.183 |

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 211 ( 6M 2021: 134) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

## 8. Eigin tjón

| | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| Bókfærð tjón | 8.065.798 | 8.509.304 |
| Hluti endurtryggjenda | (116.468) | (504.383) |
| Breyting á tjónaskuld | 758.726 | 626.383 |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | 5.648 | (249.861) |
| Eigin tjón | 8.713.704 | 8.381.443 |

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

**Virkt skatthlutfall:**

| | 1. janúar - 30. júní 2022 | | 1. janúar - 30. júní 2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 546.733 | | 4.712.974 | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 109.347 | 20,0% | 942.595 | 20,0% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 4 | 0,0% | 4 | 0,0% |
| Fenginn arður | (42.209) | -7,7% | (26.879) | -0,6% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | (69.413) | -12,7% | (705.986) | -15,0% |
| Aðrar breytingar | 175 | 0,0% | 552 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (2.096) | -0,4% | 210.285 | 4,5% |

## 10. Fjárfestingareignir

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | |
| Skráð í innlendri kauphöll | 7.563.877 | 8.640.961 |
| Skráð í erlendum kauphöllum | 1.369.234 | 637.960 |
| Önnur félög | 7.572.009 | 6.026.689 |
| | 16.505.120 | 15.305.610 |
| **Önnur verðbréf** | | |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 3.010.686 | 2.901.883 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 3.114.421 | 5.134.928 |
| Önnur skuldabréf | 12.722.535 | 14.383.799 |
| Skuldabréfasjóðir | 2.793.680 | 3.678.748 |
| Fagfjárfestasjóðir | 3.154.121 | 3.274.412 |
| | 24.795.442 | 29.373.769 |
| Fjárfestingareignir | 41.300.562 | 44.679.379 |

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

**Samstæða**

| 30. júní 2022 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 24.114.485 | 1.011.547 | 12.929.577 | 38.055.609 |

**Samstæða**

| 31. desember 2021 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 30.034.097 | 1.564.072 | 11.860.408 | 43.458.577 |

| **Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:** | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 11.845.388 | 8.347.933 |
| Keypt | 1.853.447 | 1.676.928 |
| Selt/afborganir | (1.910.205) | (1.686.412) |
| Flutt á stig 1 | (474.244) | 0 |
| Vextir, matsbreyting | 1.615.191 | 880.539 |
| Staða 30.6. | 12.929.577 | 9.218.988 |

## 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárþætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

## 13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Vátryggingaskuld (heild):** | | |
| Iðgjaldaskuld | 11.243.192 | 8.235.659 |
| Tjónaskuld | 21.552.517 | 21.135.603 |
| Áhættuálag | 867.022 | 915.147 |
| Vátryggingaskuld samtals | 33.662.731 | 30.286.409 |
| **Hlutdeild endurtryggjenda:** | | |
| Iðgjaldaskuld | 394.953 | 149.908 |
| Tjónaskuld | 986.393 | 992.042 |
| Hlutdeild endurtryggjenda samtals | 1.381.346 | 1.141.950 |
| **Vátryggingaskuld í eigin hlut:** | | |
| Iðgjaldaskuld | 10.848.239 | 8.085.752 |
| Tjónaskuld | 20.566.124 | 20.143.561 |
| Áhættuálag | 867.022 | 915.147 |
| Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals | 32.281.385 | 29.144.460 |

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörsdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörsdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörsdegi.

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema félagið selji vátryggingastofn sinn eða hluta hans.

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 1.1.-30.6.2022 | | 30.6.2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 5.068 | 3.768 | 456.332 | 0 |

| | 1.1.-30.6.2021 | | 31.12.2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 20.936 | 7.268 | 451.343 | 0 |

# Skýringar

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

## 16. Lykilhlutföll

| | 6M 2022 | 6M 2021 |
|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 76,0% | 81,8% |
| Eigið tjónahlutfall | 77,6% | 77,5% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 23,7% | 23,4% |
| Endurtrygginga kostnaðarhlutfall | 2,2% | -3,6% |
| Samsett hlutfall | 102,0% | 101,6% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu | 1,65 | 1,58 |

## 17. Ársfjórðungayfirlit

| | **2F 2022** | **1F 2022** | **4F 2021** | **3F 2021** | **2F 2021** |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 5.909.211 | 5.695.890 | 5.917.039 | 5.954.829 | 5.649.203 |
| Eigin iðgjöld | 5.724.258 | 5.504.445 | 5.745.545 | 5.741.143 | 5.462.752 |
| Fjárfestingartekjur | 452.082 | 366.268 | 1.192.632 | 2.008.989 | 2.574.161 |
| Aðrar tekjur | 10.623 | 14.970 | 15.906 | 14.150 | 17.642 |
| Heildartekjur | 6.186.964 | 5.885.684 | 6.954.083 | 7.764.282 | 8.054.555 |
| Tjón tímabilsins | (4.342.157) | (4.482.367) | (4.031.616) | (4.085.104) | (4.502.380) |
| Eigin tjón | (4.270.995) | (4.442.709) | (3.903.910) | (4.044.743) | (3.912.225) |
| Tæknilegar vaxta- og gengisbr. vátryggingask. | 150.737 | 237.588 | (279.545) | 27.450 | 129.360 |
| Rekstrarkostnaður | (1.432.033) | (1.506.441) | (1.695.545) | (1.225.631) | (1.386.973) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld | (129.969) | (132.090) | (91.688) | (83.070) | (100.387) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatta | 504.702 | 42.032 | 983.394 | 2.438.288 | 2.784.331 |
| Tekjuskattar | (28.590) | 30.686 | (33.320) | (207.259) | (185.800) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 476.113 | 72.718 | 950.075 | 2.231.029 | 2.598.531 |
| | | | | | |
| Tjónahlutfall | 73,5% | 78,7% | 68,1% | 68,6% | 79,7% |
| Eigið tjónahlutfall | 74,6% | 80,7% | 67,9% | 70,5% | 71,6% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 22,6% | 24,8% | 26,6% | 19,0% | 22,8% |
| Endurtryggingakostnaðarhlutfall | 1,9% | 2,6% | 0,7% | 2,9% | -7,2% |
| Samsett hlutfall | **98,0%** | **106,1%** | **95,5%** | **90,5%** | **95,3%** |